



Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2006

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

Almennar athugasemdir

Í athugasemdum við lagafrumvarp eru gefnar skýringar á þeim breytingum sem lagðar eru fram. Breytingar hafa orðið á grunnskólastiginu eftir útgáfu aðalnámsskrár 1999 og reynsla komin á eftir að rekstur grunnskólans fluttist frá ríkinu til sveitarfélaga. Hér er væntanlega verið að samræma grunnskólalög við það umhverfi sem að grunnskólarnir búa við nú. Náms- og starfsráðgjafar eru talsmenn og hagamunagæsluáðilar nemenda og þeirra sem til hans leita. FNS telur það góðs viti að auka þátt nemenda í skólastarfinu sbr. liður 5 í athugasemdum og að lögfest verði ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastarfi. Vellíðan nemenda í skóla hefur mikið að segja þegar litið er til almenns námsárangur og ekki síst þroska hvers og eins einstaklings. FNS sammála því að brýnt sé að tryggja að námsumhverfi nemenda styðji þá á skólagöngu sinni og á leið þeirra um menntavegin og eru náms- og starfsráðgjafar mikilvægur þáttur í því ferli.



Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Í 3. grein er verið að fjalla um breytingu á málsmeðferðarreglu 6.gr. gildandi laga er varðar þau tilvik ef misbrestur verður á skólasókn skólaskylds barns á þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli. Náms- og starfsráðgjafar ásamt kennurunum og skólastjórnendum vaka yfir velferð nemenda sinna og oft leita nemendur til náms- og starfsráðgjafa þegar eitthvað bjátar á eða þeim líður illa. Mál eins og einelti, ofbeldi, vanræksla ofl. koma oft og iðulega á borð náms- og starfsráðgjafa og reyna þeir að leita úrlausna í samræmi við fag- og sérþekkingu þeirra. Náms- og starfsráðgjafar ber að sinna tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á um vanrækslu, vanhæfni eða framferði forráðamanns. Hér er bent á að mál barna sem eiga í erfiðleikum koma inn á borð náms- og starfsráðgjafa og með fagþekkingu sinni aðstoða þeir nemendur við að finna lausn á vandanum.

Í 7. grein er kveðið á um breytingar á hlutverki skólanefnda – að auk þess að hafa það hlutverk að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla að jafnframt að stuðla að tengslum og samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. FNS er sammála þessari breytingu þar sem einmitt mikilvægt er að allir aðilar innan skólakerfisins stuðli að samfelli í námi og að virk samræða fari fram á milli skólastiga.

Í 10. grein er verið að fjalla um gerð skólamannvirkja. FNS er sammála þeirri breytingu sem lagt er til að gerði verði á 2. málslíð 2.mgr. þar sem kemur fram að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og að við hönnun og byggingu skólahúsnæðis verði tekið mið af þörfum nemenda og líðan þeirra.

Í 14. grein er lagt til að fella brott ákvæði í 2 mgr. þar sem lögbundnar eru áherslur í skólastarfi. FNS vill í því sambandi ítreka rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og njóta aðstoðar við náms- og starfsval og náms- og starfsfræðslu. Telur FNS það mikilvægt að sá réttur sé lögbundinn.

Í 16. grein er lagt til að bæta inn umfjöllun um skólaheilsugæslu. Vill FNS benda á að hér væri einnig rétt að fjalla um náms – og starfsráðgjöf.



Varðandi 17. grein styður FNS aukinn sveigjanleika í námi þar sem verið er að auka möguleika nemenda sem standa höllum fæti í námi. Þá má benda á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa í þeim málum.

FNS er sammála þeirri breytingu sem kemur fram í 19. grein varðandi 35. lið gildandi laga – að það verði kveðið á um að allir nemendur grunnskólans eigi rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem taki mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan